



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2020

2011032SA TP
Málalykill: 00.63

Efni: Aukin atvinnuréttindi útlendinga - 48. mál 151. lþ.

Framkomin tillaga til þingsályktunar um aukin atvinnuréttindi utan EES-borgara gerir ráð fyrir skipun starfshóps sem í eigi sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, BSRB, BHM, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka íslenskra sveitarfélaga, forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis.

Sveitarfélögin hér á landi hafa sett sér að verða samfélög án aðgreiningar. Í því felst að allir íbúar séu virkir og sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu. Sveitarfélögin njóta í ríkum mæli þekkingar og reynslu sem nýir íbúar þeirra búa yfir og leggja til samfélagsins. Fjölbreyttur uppruni íbúa er styrkur og lykill að efnahagslegri velgengi.

Samband íslenskra sveitarfélaga er reiðubúið - verði tillagan samþykkt - til þess að taka þátt í því stefnumótandi starfi sem lagt er upp með að fram fari. Sú stefna sem mörkuð verður þarf hins vegar að beinast að fleiri atriðum en þeim sem flutningsmenn tillögunnar nefna fyrst og fremst, þ.e. að fólk sem leitar hingað til lands í þeim tilgangi að bæta lífskjör sín skuli sjá sig knúið til að fara aðrar leiðir inn á íslenskan vinnumarkað, svo sem með umsókn um alþjóðlega vernd.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri